

stofnuninni er byggð á. Skoðun skal fara fram á þeim stað þar sem sjúkraskrá er varðveitt. Við meðferð persónuupplýsinga sem aflað er með þessum hætti skal þess gætt að uppfyllt séu skilyrði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og jafnframt gætt ákvæða laga um réttindi sjúklinga eftir því sem við á.

9. gr.

Við 54. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins greiðir kostnað samkvæmt milliríkjasamningum af sjúkrahljálpi við erlenda ríkisborgara sem dveljast hér á landi um stundarsakir.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 21. desember 2001.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Jón Kristjánsson.*

## LÖG

### um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 47. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Stjórn Íbúðalánasjóds er heimilt að fengnum tillögum eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, og með samþykki félagsmálaráðherra, að semja við sveitarfélag um afskrift á hluta af skuldum þess við sjóðinn gegn greiðslu á eftirstöðvum vanskila og hluta skulda, enda séu fjármál viðkomandi sveitarfélags til meðferðar hjá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, sbr. 74. og 75. gr. sveitarstjórnarlaga. Einnig sé um að ræða lið í samræmdum aðgerðum kröfuhafa í tengslum við heildarendurskipulagningu á fjármálum sveitarfélagsins og ljóst að hagsmunum Íbúðalánasjóds verði betur borgið með slíkum samningi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 21. desember 2001.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Páll Pétursson.*